

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga
á lyfjakostnaði nr. 289/1978.**

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér greinir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá I og af innlendum sérlyfjum greiðir samlagsmaður fyrstu 1 000.— krónurnar, en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá II (erlend sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 2 700.— krónurnar, en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.

Ellí- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálf gald, þ. e. kr. 500.— og kr. 1 350.— fyrir hverja afgreiðslu.

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk, er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og nr. 95 31. desember 1975 og öðlast gildi 1. apríl 1980. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 494/1979 um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 289/1978.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 24. mars 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

24. mars 1980.

Nr. 186.

REGLUGERÐ**um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.**

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum, eða lækni, er í hans stað kann að koma, samkvæmt samningum hlutaðeigandi samlags kr. 600.00 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 1 200.00 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi 1. apríl 1980.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 24. mars 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.